



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### **Efni tillögu: Styrkur til Lítilar þúfu til reksturs áfangaheimilis fyrir konur**

Lagt er að velferðarráð samþykki að veita félaginu Lítil þúfa styrk í formi innri leigu kr. 6.540.000 á ári til reksturs áfangaheimilis fyrir konur að Snekkjuvogi.

Fjármagnið rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

#### **Greinargerð:**

Frá árinu 1988 hefur verið rekið áfangaheimili fyrir konur í Snekkjuvogi sem gengið hefur undir heitinu Dyngjan. Fasteignafélag Reykjavíkur og líknarfélagið Konan/áfangaheimilið Dyngjan gerðu með sér húsaleigusamning í júní 2004 (fylgiskjal 1).

Félagið Lítil þúfa, sem starfar í þágu almannaheilla, hefur tekið að sér rekstur Dyngjunnar frá 1. mars 2023 (fylgiskjal 2). Félagið hefur óskað eftir því að taka húsnæðið að Snekkjuvogi á leigu og fá styrk í formi innri leigu.

Áfangaheimilið er skipulagt að þörfum þeirra kvenna sem eru að koma úr áfengis- og vímuefnaeðferð. Markmiðið er að liðsinna konum til að ná tökum á lífi sínu og breyttum lífnaðarháttum í kjölfar meðferðar við áfengis- og vímuefnanotkunar. Forstöðukona starfar við heimilið í 70% starfi og náið samstarf er við SÁÁ, Hlaðgerðarkot, Landspítalann og Krýsuvíkursamtökin. Unnið verður á grundvelli batamiðaðrar nálgunar.

Það er mat velferðarsviðs að afar mikilvægt er að áfram verði rekið áfangaheimili fyrir konur að Snekkjuvogi. Mikil þörf er á sérstökum áfangaheimilum fyrir konur og slæmt ef rekstur Dyngjunnar legðist af. Eina áfangaheimilið fyrir utan Dyngjuna, sem rekið er sérstaklega fyrir konur, er áfangaheimilið Njála á Njálsgötu sem rekið er af Reykjavíkurborg.

Fylgiskjöl:

Leigusamningur frá júní 2004

Staðfesting um stofnun Almannahagsmunafélagsins Lítil þúfa

Jafnréttisskimun dags 13. mars 2023